

**Háskóli Íslands**

**Hugvísindasvið**

**Heimspeki**

# **Að eiga ekkert skilið nema réttlætið**

*Um andverðskuldunarkenningu Rawls*

**Ritgerð til BA-prófs í heimspeki**

**Baldur Eiríksson**

**Kt.: 100889-2699**

**Leiðbeinandi: Vilhjálmur Árnason**

**Maí 2016**

## Ágrip

Sú hugmynd að verðskuldun sé hyrningarsteinn dreifiréttlætis á sér djúpar rætur, bæði í vitund almennings og skrifum heimspekinga. Hún grundvallast á því innsæi að verðlauna eigi verðleika; að fólk eigi að njóta ávaxta eigin erfiðis, uppskera eins og það sáir. Aristóteles taldi þessa hugmynd til sjálfljósra sanninda; þegar dreifa á gæðum hlýtur hver að fá það í sinn hlut sem hann á skilið. Jafnir jafnt og ójafnir ójafnt.

Þrátt fyrir að vera sannfærandi í svipinn hafa verðskuldunarkenningar verið á undanhaldi í síðari tíma umræðu um stjórn málaheimspeki. Í bók sinni, *A Theory of Justice*, hafnar John Rawls slíkum kenningum afdráttarlaust. Dreifiréttlætiskenning hans byggir á gagnstæðu viðhorfi til verðskuldunar; að í raun eigi enginn neitt skilið. Það sjónarmið sækir stoð í þá röksemd að verðleikar fólks ráðist alfarið af þáttum sem það sjálf hafði ekki stjórn á. Það skapaði ekki eigið genamengi, valdi hvorki fjölskyldu sína né föðurland. Slík handahófskennd dreifing hæfileika og ytri aðstæðna getur ekki myndað siðferðilegan grunn undir dreifingu réttinda og gæða. Í þessari ritgerð er sjónum beint að *andverðskuldunarkenningu* Rawls og reynt að varpa ljósi á mikilvægi hennar fyrir kenningu hans um réttlæti, *réttlæti sem sanngirni*. Leitað er svara við þeirri spurningu hvort unnt sé að skilja dreifiréttlæti án skírskotunar til verðskuldunar og hvort slíkur skilningur geti myndað traustan grunn undir réttlæti sem sanngirni.

Jafnframt er skoðuð gagnrýni samtímaheimspekinga á þetta viðhorf til verðskuldunar, og þá innri togstreitu sem virðist vera á milli andverðskuldunarkenningar Rawls og annarra meginstoða réttlætis sem sanngirni. Niðurstaðan er sú að beittasta gagnrýnin komi ekki að utan heldur innan frá; hana sé að finna í sjálfri kenningu Rawls. Nánar tiltekið að andverðskuldunarkenning Rawls gangi hugsanlega í berhöggi við réttlætiskenningu Rawls, sem henni er ætlað að undirbyggja.

<b>I. Inngangur</b>	<b>4–5</b>
<b>II. Hugtakið verðskuldun</b>	<b>6–9</b>
<b>III. Sögulegt samhengi</b>	<b>9– 10</b>
<b>IV. Réttlætiskenning Rawls</b>	<b>10–13</b>
<b>V. Andverðskuldunarkenning Rawls</b>	<b>13–17</b>
<b>VI. Pandóruaskja Rawls</b>	<b>17–18</b>
<b>VII. Gagnrýni</b>	<b>20–25</b>
<b>VIII. Niðurstöður</b>	<b>25–27</b>
<b>Heimildir</b>	<b>28–29</b>

# I. Inngangur

Sú hugmynd að verðskuldun sé hyrningarsteinn dreifiréttlætis á sér djúpar rætur, bæði í vitund almennings og skrifum heimspekinga. Hún grundvallast á því innsæi að verðlauna eigi verðleika; að fólk eigi að njóta ávaxta eigin erfiðis, uppskera eins og það sáir. Aristóteles taldi þessa hugmynd til sjálfhljósra sanninda; þegar dreifa á gæðum hlýtur hver að fá það í sinn hlut sem hann á skilið.<sup>1</sup> Jafnir jafnt og ójafnir ójafnt. Þær réttlætiskenningar sem skipa verðskuldun í öndvegi með þessum hætti kallast einu nafni *verðskuldunarkenningar um réttlæti*.

Þrátt fyrir að vera sannfærandi í svipinn hafa verðskuldunarkenningar verið á undanhaldi í síðari tíma umræðu um stjórn málaheimspeki. Í bók sinni, *A Theory of Justice*, hafnar John Rawls slíkum kenningum afdráttarlaust. Dreifiréttlætiskenning hans byggir á gagnstæðu viðhorfi til verðskuldunar; að í raun eigi enginn neitt skilið. Það sjónarmið sækir stoð í þá röksemd að verðleikar fólks ráðist alfarið af þáttum sem það sjálft hafði ekkert með að gera. Það skapaði ekki eigið genamengi, valdi hvorki fjölskyldu sína né föðurland. Slík handahófskennd dreifing hæfileika og ytri aðstæðna getur ekki myndað siðferðilegan grunn undir dreifingu réttinda og gæða. Í þessari ritgerð verður sjónum beint að *andverðskuldunarkenningu* Rawls, rökkin reifuð og reynt að varpa ljósi á mikilvægi hennar fyrir kenningu Rawls um réttlæti. Spurt verður: *Er mögulegt að skilja dreifiréttlæti án skírskotunar til verðskuldunar, og getur slíkur skilningur myndað traustan grunn undir réttlætiskenningu Rawls?*

Í öðrum kafla tek ég verðskuldunarhugtakið til skoðunar, skýri, greini og reyni að útskýra hvað það þýðir að segja að einhver eigi eitthvað skilið. Auk þess skoða ég möguleg tengsl þess við dreifiréttlæti. Í þriðja kafla set ég nefnd tengsl í sögulegt samhengi og fer á hundavaði yfir afstöðu áhrifamikilla heimspekinga fyrri tíma. Þar ber allt að sama brunni; verðskuldun er snar þáttur dreifiréttlætis.

Réttlætiskenning Rawls, *réttlæti sem sanngirni*, er flókin og margþætt. Ómögulegt er að gera henni skil í jafn stuttri ritgerð og þessari, hvað þá í einum kafla. Í fjórða kafla geri ég samt tilraun til að stikla á stóru um helstu atriði hennar, sérstaklega þeim sem andverðskuldunarkenningunni er ætlað að undirbyggja.

Merg ritgerðarinnar er síðan að finna í fimmta kafla, þar sem ég leitast við að greina andverðskuldunarkenningu Rawls og lesa niður í kjöl. Í þeim kafla mun ég útlista rök Rawls og síðan í sjötta kafla skoða hvort þau séu jafnvel sterkari en góðu hófi gegnir. Í sjötta kafla verður nánar tiltekið skoðað hvort niðurstaða þessara raka nái til víðara sviðs en einungis dreifiréttlætis;

---

<sup>1</sup> Hugmyndir Aristólesar um réttlæti má finna í Aristóteles, *Siðfræði Nikomakkosar*, bók V.

leiði jafnvel til efasemda um ábyrgð manna á gjörðum sínum og vegi þar með, þvert á tilgang þeirra, að undirstöðum siðferðisins.

Í sjöunda kafla verður tekin fyrir gagnrýni á andverðskuldunarkenninguna. Sú gagnrýni er af ýmsu tagi og ólíku. Í fyrsta lagi gagnrýni sem George Sher setur fram í bók sinni *Desert*. Hún beinist að forsendum andverðskuldunarkenningarinnar og segir Sher að minnsta kosti eina þeirra ranga, nefnilega þá að einstaklingar beri aldrei ábyrgð á eigin elju. Í öðru lagi gagnrýni úr ranni Roberts Nozicks sem í bók sinni *Anarchy, State, and Utopia* samþykkir þær forsendur að enginn eigi neitt skilið en segir John Rawls draga af þeim rangar ályktanir. Þrátt fyrir að fólk verðskuldi ekki verðleika sína, segir Nozick, hefur það sjálft, en ekki samfélagið í heild sinni, samt lockeískt tilkall til verðleika sinna og þeirra gæða sem það blandar vinnu sinni. Í þriðja lagi velti ég fyrir mér hvort sú einarða afstaða gegn verðskuldun, sem Rawls tekur, sé ekki á skjön við aðra mikilvæga stoð kenningu hans, hið ígrundaða jafnvægi.

Að endingu mun ég í áttunda kafla gera tilraun til að svara þeirri spurningu hvort andverðskuldunarkenning Rawls geti staðið af sér þessa gagnrýni. Niðurstaða mín er í stuttu máli sú að beittasta gagnrýnin komi ekki að utan heldur innan frá; hana sé að finna í sjálfri kenningu Rawls. Nánar tiltekið að andverðskuldunarkenning Rawls gangi hugsanlega í berhöggi við réttlætiskenningu Rawls, sem henni er ætlað að undirbyggja.

## II. Hugtakið verðskuldun

Síðar í þessari ritgerð verða færð rök fyrir því að verðskuldun sé tóm hugtak og tilgangslaust – alltént þegar dreifa á gæðum – og eigi hvergi heima nema á „öskuhaugum réttlætisins“.<sup>2</sup> Það kann því að virðast ankannalegt, jafnvel fela í sér ákveðna þversögn, að hefja ritgerðina á því að lýsa efnislegu inntaki þess. Það er samt viðfang þessa kafla, enda erfitt að gagnrýna það sem ekki hefur verið útskýrt. Í hugum flestra er verðskuldun líka alls ekki tóm hugtak, heldur stútfullt og þrungið merkingu, grunnhugtak í siðfræði og sem slíkt skilyrði réttlætisins. En hver er þá þessi merking, sem er svo kirfilega greytt í heilabú hjarðarinnar?<sup>3</sup>

Þótt þeir heimspekingar sem hafa látið sig málið varða séu sammála um fæst, ríkir skarað samkomulag um ákveðin grundvallaratriði. Verðskuldun felst í þríhliða tengslum á milli (a) viðfangs, (b) þess sem viðfangið á skilið og (c) grundvallar sem undirbyggir verðskuldun viðfangsins og réttlætir hana. Samkvæmt þessu hafa allar verðskuldunaryrðingar eftirfarandi form: A á B skilið vegna C.<sup>4</sup> Þótt viðföng verðskuldunar þurfi ekki endilega að vera mennsk er viðfang þessarar ritgerðar takmarkað við það sem fólk á skilið.<sup>5</sup> Erfitt er að útbúa lista yfir þá hluti sem fallið geta undir b-liðinn hér að ofan, en þeir geta bæði verið jákvæðir og neikvæðir. Viðbrögð annarra: hrós eða skammir; efnisleg gæði: styrkir eða sektir; stöður og embætti: skólavist eða brottrekstur og svo framvegis. Enginn verðskuldar þessa hluti útaf engu, heldur alltaf vegna einhvers. Undir c-liðinn falla nánar tiltekið ástæður þess að einhver verðskuldar eitthvað. Þær ástæður geta einnig verið af ýmsu tagi: Hæfileikar, eljusemi, frammistaða, verk og margt fleira. Þessi grundvöllur verður að hafa eitthvað með viðfang verðskuldunarinnar að gera. Tökum dæmi. Sú staðreynd að ljóðabókin *Sæfarinn sofandi* inniheldur einhver fegurstu ljóð, bæði að formi og efni, sem ort hafa verið á íslenska tungu getur ekki grundvallað verðskuldun mína, enda tengist það fagurfræðilega afrek mér ekki á nokkurn hátt. Þorsteinn frá Hamri tengist því hins vegar, enda titlaður höfundur þess. En tengslin ein og sér eru ekki nægjanleg. Komi í ljós að Þorsteinn skrifaði bókina ekki sjálfur, heldur fann handrit hennar í Öskjuhlíðinni eða seldi sálu sína kölska í skiptum fyrir það, gætum við ekki sagt að hann verðskuldaði það einróma lof sem borið hefur verið á hann vegna bókarinnar. Til þess að verðskulda hin jákvæðu viðbrögð verður hann að *bera ábyrgð* á því

<sup>2</sup> Þetta öskuhaugaorðalag er fengið að láni frá John Kleinig. Sjá Kleinig, John, *Punishment and desert*, bls. 19.

<sup>3</sup> Empírískar rannsóknir á skoðunum fólks á dreifiréttlæti sýna að mikill meirihluti telur að verðskuldun eigi að hafa áhrif á skiptingu gæða samfélagsins. Sjá Marshall, G. o. fl., „What is and what ought to be: Popular Beliefs about Distributive Justice in Thirteen Countries,“ bls. 349–367

<sup>4</sup> Þessi skilgreining er sótt í smiðju Joel Feinberg. Sjá Feinberg, Joel, „Justice and Personal Desert,“ bls. 61 og áfram.

<sup>5</sup> Verðskuldun er, alltént í daglegu tali, ekki einskorðuð við fólk. „Háskóli Íslands á skilið að vera á lista yfir 300 bestu háskóla heims“ er dæmi um verðskuldunaryrðingu sem hefur ekki manneskju sem viðfang en gengur fullkomlega upp samkvæmt almennri málvenju.

sem verið er að bregðast við. Hann verður sjálfur að hafa grafið grunninn sem undirbyggir verðskuldunina. Í ljósi þessa hafa flestir heimspekingar viljað bæta við ofanefnt form þessu ábyrgðarskilyrði: A á B skilið vegna C *aðeins ef A er ábyrgur fyrir C*. Með öðrum orðum: *Til þess að verðskulda eitthvað verður maður að bera ábyrgð á því sem er ástæða verðskuldunarinnar.*<sup>6</sup>

Þessi viðauki virðist smávægilegur við fyrstu sýn, en hann er í raun sú stoð sem andverðskuldunarkenning Rawls hvílir á. Um hana verður ítarlega fjallað í kafla fimm hér að neðan.

Nú erum við búin að fara yfir hver getur átt hvað skilið og hvers vegna. En einni spurningu er þó ósvarað. Frá hverjum? Sem fyrr er ekkert einhlítt svar í boði. Stundum á maður eitthvað skilið – svona almennt – án þess að eiga tilkall til einhvers úr hendi einhvers. Flestum finnst til dæmis að kærleiksríkt og gott fólk eigi – *ipso facto* – góða hluti skilið. En samt virðist ekki vera neinn ákveðinn aðili sem hefur það hlutverk að veita góðu fólki góða hluti, við getum bara vonað að sem flestir geri það. Stundum er „verðskuldunarkrafan“ skýrari en þetta. Hagi barn sér vel á aðventunni á það skilið að fá eitthvað flott í skóinn, til dæmis gullslegna brjóstmynd af Þorsteini frá Hamri og/eða áritað ljóð. Fáir það kartöflu getum við sagt að jólasveinninn hafi brugðist hlutverki sínu. *Honum* bar gefa barninu það sem það átti skilið, og með því að gera það ekki braut hann í vissum skilningi gegn því með því að svipta það gæðum sem það hafði unnið sér inn. Með þessum dæmum erum við að nálgast mikilvægan greinarmun á tvenns konar verðskuldun sem mun lita alla umræðu í framhaldinu. Tökum enn skýrara dæmi. Setjum svo að einhver ákveðin undirstofnun Háskóla Íslands hefði það lögbundna hlutverk að veita öllum nemendum sem útskrifast með ágætiseinkunn úr grunnnámi styrk til áframhaldandi náms. Útskrifist ég með 9.4 í meðaleinkunn og sækir um styrk verðskulda ég ekki bara styrkinn heldur hvílir sú skylda á nefndri stofnun að bregðast við þeirri verðskuldun og gefa mér það sem ég á skilið. Í þessu tilviki virðist jafnvel hálf ankannalegt að tala um verðskuldun. Eðlilegra virðist að tala um *rétt* minn (gagnvart stofnuninni) til bóta, eða *tilkall* (e. *entitlement*). Það sem skilur tilkall frá verðskuldun er að það er alltaf hluti af tvíhliða sambandi; réttmætt tilkall eins er skylda annars.<sup>7</sup> Hægt er að gera greinarmun á svokallaðri stofnanabundinni verðskuldun (e. *institutional desert*) og verðskuldun sem er óháð öllum strúktúr og stofnanaumgjörð. Stofnanabundnar verðskuldunaryrðingar hafa alltaf eftirfarandi form:

---

<sup>6</sup> Þetta ábyrgðarskilyrði á reyndar ekki alltaf við. Þegar við segjum að fórnarlamb árásar eigi skilið að fá skaðabætur úr hendi árárarmannsins erum við ekki þar með að segja að fórnalambið beri sjálft ábyrgð á árásinni. Fleiri svona dæmi mætti tína til, en þau falla öll utan við efnissvið þessarar ritgerðar – sem er hlutverk verðskuldunar í dreifiréttlætiskeningu John Rawls. Fred Feldman hefur skrifað góða grein um þetta efni. Sjá Feldman, Fred, „Desert: Reconsideration of Some Received Wisdom.“

<sup>7</sup> Raunar er vel hægt að hugsa sér þríhliða og jafnvel marghliða tilkallssamband. Til dæmis ef ég á rétt á arfi sem er bundinn því skilyrði að ég ráðstafi hluta af honum á ákveðinn hátt. Þá breytist réttur minn að hluta í skyldu gagnvart þriðja aðila.

A á B skilið vegna C þá og því aðeins að til staðar sé einhver stofnun eða regluverk, D, og ein regla D felur í sér að þeir sem heyra undir lögsögu D og hafa C eigi rétt á B. A hefur C.<sup>8</sup>

Síðarnefnda tegund verðskuldunar hefur verið kölluð óstofnanabundin verðskuldun (e. *pre-institutional desert*).

Í grein sinni, „Justice and personal desert“, færir Joel Feinberg rök fyrir því að verðskuldun komi röklega á undan og sé sjálfstætt hugtak gagnvart stofnunum og regluverki.<sup>9</sup> Samkvæmt Feinberg fellur verðskuldun því alltaf í síðarnefnda flokkinn, þótt hún geti vissulega farið saman við tilkall fólks. Í raun má segja að samkvæmt Feinberg sé stofnanabundin verðskuldun það sama og tilkall og því ekki bara langt og tyrfið hugtak heldur óþarft.<sup>10</sup> Í dæminu hér að ofan útskrifast ég með láði og við getum sagt að ég verðskuldi styrk til að halda námi mínu áfram, í krafti gáfna minna og frammistöðu. En ef engin stofnun er til staðar, sem hefur það hlutverk að veita slíka styrki, þá hef ég ekkert tilkall til hans. Á sama hátt og það er hægt að verðskulda án þess að hafa tilkall er hægt að hafa tilkall án þess verðskulda. Setjum svo að lögum um nefnda stofnun kvæðu á um að allir nemendur sem útskrifast með lágmarkseinkunn ættu rétt á styrk til áframhaldandi náms, en nemendur með ágætiseinkunn væru útilokaðir. Samkvæmt lögum ættu slugsar sem slefuðu í gegnum námið og rétt slupu við fall vissulega *rétt* á styrk, en við myndum að líkindum hika við að segja að þeir verðskulduðu hann. Af þessu má ráða að verðskuldunaryrðingar (óstofnanabundnar) eru *gildishlaðnar*, á meðan tilkallsyrðingar (stofnanabundnar) sækja stoð sína til laga eða annars konar regluverks.<sup>11</sup>

Rétt er að impra á því aftur að þessi ritsmið fjallar um hugmyndir Rawls um tengsl – eða tengslaleysi – verðskuldunar við dreifiréttlæti. Það er hvort hlutdeild fólks í frumgæðum samfélagsins á að stjórnast af verðskuldun þess, en ekki um hugtakið verðskuldun og hlutverk þess almennt. Það þrengir efnissviðið umtalsvert og ég mun enga afstöðu taka til verðskuldunaryrðinga sem falla utan við það, ef frá er talin umfjöllun í sjötta kafla.

David Miller gerir greinarmun á þremur mismunandi hugmyndum um samband verðskuldunar við dreifiréttlæti. Í fyrsta lagi er það jákvæða hugmyndin. Hún felur í sér að réttlætið

<sup>8</sup> Þetta helst til flókna form er sótt í smiðju Owen McLeod. Sjá McLeod, Owen, „Desert and institutions,“ bls. 189.

<sup>9</sup> Feinberg, Joel, „Justice and Personal Desert,“ bls. 60.

<sup>10</sup> Sumir heimspekingar vilja ekki leggja stofnanabundna verðskuldun að jöfnu við tilkall. David Cummiskey er einn þeirra. Hann telur að stofnanabundin verðskuldun eigi ekki endilega að byggja á gildandi reglum stofnana heldur frekar tilgangi reglnanna. Þannig verðskuldar fljótasti hlauparinn að sigra hlaupið jafnvel þótt hann misstigi sig á lokametrinum, og eigi þar af leiðandi ekki rétt á gullmedalúnni. Sú verðskuldun hvílir ekki í lausu lofti, segir Cummiskey, heldur á anda reglna hlaupsins. Sjá Cummiskey, David, „Desert and Entitlement: A Rawlsian Consequentialist Account,“ bls. 18.

<sup>11</sup> Sjá Sadurski, Wojciech, *Giving Desert Its Due: Social Justice and Legal Theory*, bls. 119. Við þetta má bæta að regluverkið, sem tilkallið byggir á, er sjálfstætt byggt á gildismati þeirra sem sömdu það. En tilkallskrafan beinist samt ekki að gildismatinu, heldur reglunum sjálfum. Illa samdar reglur, sem ná ekki að spegla gildismat höfunda þeirra, gætu því vakið réttmætar tilkallskröfur sem ríma ekki við vilja reglusmiðanna.



beri að skilja eingöngu, eða allavega að verulegu leyti, í ljósi verðskuldunar fólks. Réttlát skipting gæða felst þannig í því að veita fólki það sem það á skilið. Í öðru lagi er það neikvæða hugmyndin. Samkvæmt henni skiptir verðskuldun engu máli fyrir réttlætið. Þeir sem eru hallir undir neikvæðu hugmyndina skiptast svo innbyrðis í þrjá skóla. Sumir telja að hugtakið verðskuldun gangi einfaldlega ekki upp. Aðrir telja að þrátt fyrir að hugtakið gangi upp, hvíli engin siðferðileg skylda á okkur að veita fólki það sem það á skilið. Og enn aðrir samþykkja bæði að hugtakið gangi upp og hafi siðferðismátt til að bera, en telja að þær siðferðiskröfur sem felast í hugtakinu snúi hins vegar ekki að dreifiréttlæti.<sup>12</sup> Í þriðja og síðasta lagi er hugmynd sem kennd er við fjölhyggju. Hún er einhvers konar millivegur milli hinna tveggja. Samkvæmt henni er sambandið milli hugtakanna tveggja gagnvirkt; réttlætið er skilið í ljósi verðskuldunar og verðskuldun í ljósi réttlætisins. Þegar efnislegt inntak réttlætisins er ákvarðað er nauðsynlegt að taka verðskuldun til skoðunar. En það er ekki það eina sem hafa verður í huga. Önnur sjónarmið gætu eftir atvikum vegið þyngra, til dæmis neyð. Í slíkum tilvikum þarf að veita hin ólíku sjónarmið hvert á móti öðru. Samkvæmt fjölhyggjunni er réttlætið flóknari saumur en svo að hægt sé að vefa það úr einum þræði.<sup>13</sup>

### III. Sögulegt samhengi

Þótt sú hugmynd að fólk eigi að fá í sinn hlut það sem það á skilið sé að líkindum jafngömul hugsun mannsins, fékk hún fyrst heimspekilega meðferð í *Ríki Platons*.<sup>14</sup> Þar leggur Platon þá hugmynd í munn þeirra Pólemarkúsar og Þrasýmakkosar að réttlætið sé að „gjalda hverjum manni það sem honum hæfir“.<sup>15</sup> Þeirri hugmynd hafnar Platon og setur í staðinn fram afar undarlega kenningu um réttlætið sem harmoníu ríkisins, sem á sér hliðstæðu í mannsálinni. Hugmynd téðra tvímenna fékk síðan ítarlega umfjöllun í skrifum Aristótelesar, sem spyrta réttlætið saman við jöfnuð jafningja sem áður greinir.<sup>16</sup> Segja má að hann sé fyrsti málsvari – og helsti kyndilberi – verðskuldunarkenninga um réttlætið.

En það voru ekki bara veraldlegir kennismiðir fornaldar sem kváðu verðskuldun kjarna réttlætisins; hinir geistlegu tóku í sama streng – í raun mun fastar. Í bæði Gamla- og Nýja testamentinu, sem dæmi, er predikað að hinir dygðugu, duglegu og dyggu þjónar guðs á jörðu

<sup>12</sup> John Rawls segist sjálfur aðhyllast þessa hugmynd. Sjá Rawls, John, *Justice as Fairness: A Restatement*, bls. 72 – 73. Eins og umfjöllunin að neðan ber með sér er hugsanlegt að rök hans fyrir andverðskuldunarkenningunni séu sterkari, og nái til víðara sviðs, en Rawls kysi sjálfur.

<sup>13</sup> Miller, David, *The Principles of Justice*, bls. 132–133. Miller aðhyllist fjölhyggjuviðhorfið. Um það verður ekki fjallað í þessari ritgerð en áhugasömum er bent á sjöunda kafla tilvitnaðrar bókar.

<sup>14</sup> Pojman, Louis P, „Historical Interpretations of Desert,“ bls. 7.

<sup>15</sup> Platon, *Ríkið*, bók I., einkum bls. 104.

<sup>16</sup> Aristóteles, *Siðfræði Nikómakkosar*, kafli V.

verðskuldi eilífa sælu og himnesk gæði í handanheimi, á meðan vítislogar bíða syndgandi saurlífissegga. Þetta er réttlætið: „Eins og þú hefir öðrum gjört, eins skal þér gjört verða; gjörðir þínar skulu þér í koll koma“,<sup>17</sup> segir í Gamla og hið Nýja endurómar: „Sá sem sáir sparlega mun og sparlega uppskera, og sá sem sáir ríflega mun og ríflega uppskera.“<sup>18</sup> Þetta viðhorf er líka kjarnaatriði í hugmyndum hindúisma og búddisma um karma, þar sem hlutskipti manns í næsta lífi ræðst af verðskuldun manns í þessu lífi, sem aftur ræðst af hinu fyrra.

Af þessum dæmum, og fjölmörgum öðrum sem tína mætti til, má ráða að sú hugmynd um réttlætið sem Miller kallar hina jákvæðu var sem meitluð í stein í fornöld. Svo meitluð var hún að það var ekki fyrr en seint á 20. öld sem stjórnspekingar fóru að má hana smám saman af.<sup>19</sup> Þar fór fremstur John Rawls, sem með bók sinni, *A Theory of Justice*, sneri hinni jákvæðu hugmynd á hvolf og hóf tímabil í stjórnmálaheimspeki sem kallað hefur verið *postdesert*.<sup>20</sup>

#### IV. Réttlætiskening Rawls

Fyrir útgáfu *A Theory of Justice* reið nytjastefnan húsum helstu háskóla hins vestræna heims og það talið réttlátt sem saddi þrjár sem flestra. Hugmynd grófgerðrar nytjastefnu um réttlæti er í stuttu máli þessi: Fyrst gerir hún greinarmun á hinu góða og hinu rétta. Hið góða er hamingja eða ánægja og hið rétta er að hámarka hið góða fyrir sem flesta.<sup>21</sup> En réttlæti þar sem hið besta fyrir sem flesta getur þýtt hið versta fyrir suma er skrítið réttlæti, að mati Rawls. Kenning sem ekki setur mannréttindi allra í öndvegi, heldur lítur á þau sem gagnlegt tæki – stundum – sem afleidda hornkerlingu sem má sitja til borðs í sælusvallinu á meðan hún dansar í kringum gullkálfi hamingjunnar. Hún er ekki réttlát. Hún er ranglát. John Rawls taldi að kenning sem samþykkti að einn maður sylti til að seðja sjö hundruð væri ekki einasta ósanngjörn; hana yrði að rífa til grunna. Og það gerði hann og bjó til nýja: Réttlæti sem sanngirni.

Þótt réttlæti sem sanngirni sé þannig stefnt gegn nytjastefnunni verður samt að hafa í huga að kenningarnar tvær eru um margt ósambærilegar. Nytjastefnan er almenn og yfirgripsmikil siðfræðikenning sem nær til – til viðbótar við hið pólitíska svið – persónulegra samskipta og einstakra athafna. Réttlæti sem sanngirni er hins vegar pólitísk frjálslyndisstefna sem tekur einungis

<sup>17</sup> Obadía 1:15.

<sup>18</sup> Síðara bréf Páls til Korintumanna 9:6.

<sup>19</sup> Hér fer ég auðvitað alltof hratt yfir sögu, og örugglega ekki alveg nákvæmt með. En takmarkaður orðafjöldi neyðir mig til hundavaðs. Sjá nánar Pojman, Louis P, „Historical Interpretations of Desert.“

<sup>20</sup> Pojman, Louis P, „Historical Interpretations of Desert,“ bls. 9.

<sup>21</sup> Sú nytjastefna sem ég kalla grófgerða birtist fyrst í heilsteyptri mynd í skrifum enska heimspekingsins Jeremy Bentham. Sjá til dæmis Bentham, Jeremy, *An Introduction to the Principles of Morals and Legislation*.

til grunngerðar samfélagsins og virkni stofnana þess.<sup>22</sup> Réttlætið, skrifar Rawls, er „höfuðprýði á stofnunum samfélags, eins og sannleikurinn á kenningum. Það er sama hversu fögur og nýtileg kenning er: ef hún er ósönn verður að breyta henni eða hafna. Eins er um stjórnarskrár og stofnanir. Það er sama hversu haganlega þeim er fyrir komið, og hversu gagnlegar þær eru: ef þær eru ranglátar verður að breyta þeim eða bylta.“<sup>23</sup>

Þessi ritgerð fjallar um afmarkaðan þátt þessarar réttlætiskenningar sem Rawls eyddi allri ævi í að móta og verja. Þessum kafla er ekki ætlað að gera henni tæmandi skil, enda er það bæði í senn ómögulegt og óþarft. Aðeins verður fjallað um þá þætti sem mikilvægir eru til skilnings á andverðskuldunarkenningunni, og verðskulda þar með umfjöllun. Réttlæti sem sanngirni er sáttmálakenning sem sækir réttlætingu sína til hugsunartilraunar sem Rawls kallar upphafsstöðuna (e. *original position*). Í upphafsstöðunni er saman kominn hópur fólks, sem hefur það hlutverk að ákveða hvers konar samfélag það vill byggja. Þetta ímyndaða þing á að semja grundvallarlög sem ákvarða grunngerð samfélagsins til frambúðar. Til þess að tryggja hlutlægni og koma í veg fyrir að fundarmenn láti eigin hagsmuni lita lagasmíðina og dragi taum þess samfélagshóps sem þeir sjálfir tilheyra leggur Rawls til að dreginn verði fávísisfeldur (e. *veil of ignorance*) yfir fundarstaðinn. Enginn veit neitt um hlutskipti sitt handan fundarstaðarins; hvaða hæfileikum þeir eru í raun gæddir eða hvaða samfélagshópi þeir tilheyra. Enginn veit neitt um eigið litaraft, kyn, kynhneigð, fjölskyldu, búsetu, stjórn mála- og trúarskoðanir og svo framvegis. En þótt þeir viti engin deili á sjálfum sér eru þeir vel að sér um þau almennu atriði sem þykja skipta máli fyrir farsælt líf.

Fundarmennirnir í upphafsstöðunni, sem Rawls kallar húsráðendur (e. *heads of families*), eru hins vegar ekki einráðir um efni og útfærslu grundvallarlaganna. Löggin þurfa líka að taka mið af, eða mega í það minnsta ekki vera alveg á skjön við, réttlætistilfinningu þorra manna þess samfélags sem þau eiga að ná yfir. Þetta samtal – eða jafnvægisdans – milli kenningar og innsæis kallar Rawls *ígrundað jafnvægi* (e. *reflective equilibrium*).<sup>24</sup>

Rawls færir rök fyrir því að við slíkar kjöraðstæður myndu menn samþykkja eftirfarandi tvö réttlætislögmál:

<sup>22</sup> Rawls, John, *Political Liberalism*, bls. 99. Í *A Theory of Justice* segir Rawls: „Meginviðfangsefni réttlætis er grunngerð samfélagsins, eða nánar tiltekið, með hvaða hætti helstu stofnanir þess kveða á um grundvallarréttindi og skyldur og ákvarða skiptingu gæða sem spretta af félagslegri samvinnu. Með helstu stofnunum á ég við stjórnarskrá og grundvallarskipan efnahags- og félagsmála.“ Sjá Rawls, John, *A Theory of Justice*, bls. 7. Þýðing Vilhjálms Árnasonar í *Réttlátt líf, farsælt samfélag*, bls. 274.

<sup>23</sup> Rawls, John, *A Theory of Justice: Revised Edition*, bls. 3. Þýðing (lítilllega breytt) Þorsteins Gylfasonar í „Hvað er réttlæti? Handa Halldóri Laxness átræðum,“ bls. 74. Rawls heldur svo áfram og sendir nytjastefnunni sneið: „Hver manneskja býr yfir órjúfanlegri helgi, byggða á réttlæti, sem meira að segja velferð samfélagsins alls getur ekki trompað. Af þessari ástæðu útilokar réttlætið að frelsissvipting sumra réttlætist af heill fjöldans.“ Þýðing mín.

<sup>24</sup> Sjá Rawls, John, *A Theory of Justice: A Restatement*, bls. 18–19, 42–45 og 507–508. Um hið ígrundaða jafnvægi verður nánar fjallað að neðan.

(a) Hver persóna skal hafa óskorað tilkall til sömu grundvallar frelsisréttinda og samrýmd verða sömu frelsisréttindum allra [frelsislögmálið]; og

(b) félagslegur og fjárhagslegur ójöfnuður skal fullnægja tveimur skilyrðum:

Fyrri [lífskostalögmálið] er, að hann sé bundinn embættum og stöðum sem allir eiga kost á að sækja um við sanngjörn skilyrði; og síðara [mismunarlögmálið] er, að hann sé til mestra hagsbóta þeim sem verst eru settir í samfélaginu.<sup>25</sup>

Lögmálin tvö eru í því sem Rawls kallar „lexicographical order“, sem þýðir í stuttu máli að hið fyrri hefur óskoraðan forgang og tæmir rétt gagnvart því síðara.<sup>26</sup> Þessi forgangsröðun er ein birtingarmynd hinnar römmu kantísku taugar réttlætis sem sanngirni; hið rétta kemur á undan hinu góða og skilgreinir siðferðileg mörk þess.<sup>27</sup> Þetta er gert til þess að forðast gagndæmi eins og þau sem nytjastefnan hefur þurft að glíma við, þar sem hún virðist samþykkja að fórn lífi og limum sumra á altari fjöldans.

Síðara lögmálið skiptist í raun í tvennt og það er einkum síðari hluti þess, mismunarlögmálið (e. *the difference principle*), sem kastljós þessarar ritgerðar beinist að. Þorsteinn Gylfason hefur lýst því svona: „[F]jöll meg[a] ekki vera hærri né tignari en þarf til þess að dalirnir séu sem blómlegastir og byggilegastir.“<sup>28</sup> Það sem skiptir máli er því alls ekki ójöfnuðurinn sem slíkur heldur aðeins að minnsta sneiðin sé sem stærst.<sup>29</sup> Í hagfræðinni heitir þessi regla maximin, enda felur hún í sér að að hið minnsta er maxað eða hámarkað. Þau gæði sem hér eru nefnd og stofnanir samfélagsins eiga að sjá um að dreifa kallar Rawls frumgæði. Þau eru í stuttu máli þau gæði sem allir borgarar, óháð menningarlegum bakgrunni og lífsskoðunum, þurfa á að halda til þess að geta áformað líf sitt, en ekki hlutir sem hvern og einn langar í eða girnast.<sup>30</sup> Rawls greinir á milli fimm tegunda frumgæða: „(i) grundvallarréttindi sem eru helstu stofnanabundnar forsendur þess að siðferðisöflin mótist og nýtist; (ii) ferðafrelsi og atvinnufrelsi sem gera mönnum kleift að nýta tækifæri og stefna að margvíslegum markmiðum og endurskoða þau; (iii) völd og ábyrgð sem fylgja embættum og

<sup>25</sup> Rawls, John, *Justice as Fairness: A Restatement*, bls. 42. Þýðing Vilhjálms Árnasonar í *Farsælt líf, réttlátt samfélag*, bls. 277.

<sup>26</sup> Rawls, John, *A Theory of Justice: Revised Edition*, bls. 37.

<sup>27</sup> „[H]jgtökin gott og illt verða ekki skilgreind á undan siðalögmálinu heldur verður að skilgreina gott og illt eftir siðalögmálinu og út frá því“. Kant, Immanuel, *Critique of Practical Reason*, bls. 64–65. Þýðing Vilhjálms Árnasonar í *Farsælt líf, réttlátt samfélag*, bls. 91. Siðfræði Kants, eins og nytjastefnan, er alhliða siðfræðikenning sem tekur ekki einungis til hins pólitíska sviðs. Hún er því mun víðfeðmari kenning en réttlæti sem sanngirni sem gerir samanburð varasaman.

<sup>28</sup> Þorsteinn Gylfason, „Hvað er réttlæti? Handa Halldóri Laxness átræðum“, bls. 64–65.

<sup>29</sup> Sú hugmynd að nota verst setta hóp samfélagsins sem viðmið réttlætisins var kannski ekki ný hugmynd, en hún hafði aldrei fengið ítarlega heimspekilega vörn fyrir útkomu *A Theory of Justice*. Sjá Van Parijs, Philippe, „Difference Principles“, bls. 200.

<sup>30</sup> Rawls, John, *Justice as Fairness: A Restatement*, bls. 58.

hlutverkum; (iv) tekjur og auður sem þarf almennt til að ná ýmiss konar markmiðum; (v) félagslegar forsendur sjálfsvirðingar.<sup>31</sup>

Hinir verst settu eru svo skilgreindir sem sá hópur sem hefur minnst af þessum gæðum, sérstaklega þeim gæðum sem tiltekin eru í fjórða liðnum að ofan.<sup>32</sup> Erfitt er að tilgreina nákvæmlega hver fellur innan og hver utan við merkingarramma hugtaksins en Rawls leggur til að hinir verst settu séu gróflega það fólk sem hefur minna en helmingi lægri tekjur og á helmingi minni auð en sem nemur meðaltali þess samfélags sem það tilheyrir.<sup>33</sup>

## V. **Andverðskuldunarkenning Rawls**

Það sem skilur réttlæti frá ranglæti eru ekki tilviljanir, heldur rök. Þessi forsenda gengur eins og rauður þráður í gegnum *A Theory of Justice*. Hlutverk fundarmanna í upphafsstöðunni er að smíða þau réttlætislögmál sem ráða grunngerð samfélagsins og gangverki stofnana þess. Þótt fávísisfeldurinn eigi að blinda fundarmenn og koma í veg fyrir að þeir sjái eigið hlutskipti handan feldsins, veitir hann þeim um leið einstaklega skýrt og ómengað sjónarhorn. Þeir vita að þegar feldinum verður lyft af fundarstaðnum, mun þeim sjálfum vera varpað á algerlega handahófskenndan hátt inn í samfélagið. Þar verða þeir að spila úr þeim spilum sem þeir fá á hendi. Sumir fá eintóm mannspil, aðrir tvista og þrista. Þannig er gangur lífsins. Þessi handahófskennda dreifing hæfileika og heimkynna er hvorki réttlát né ranglát að mati Rawls. Einfaldlega siðferðilega hlutlaus staðreynd. Það hvernig við sem samfélag bregðumst við þessari staðreynd hefur aftur á móti siðferðilegt gildi og ákvarðar hversu réttlátt samfélagið er.<sup>34</sup> Réttlætið er mannleg smíði og snertir einungis þau svið sem við getum vélað um.

Af sjónarhóli upphafsstöðunnar sjá fundarmenn svo ekki verður um villst að enginn verðskuldar verðleika sína. Maður fæðist með ákveðið genamengi, inn í ákveðna fjölskyldu, í ákveðnu landi. Er sendur í ákveðinn skóla, þar sem maður fær ákveðna kennslu frá ákveðnum kennurum ásamt ákveðnum samnemendum. Allir þessir þættir, ásamt fjölmörgum öðrum, eiga að minnsta kosti tvennt sameiginlegt. Í fyrsta lagi að mynda og móta verðleika manns. Í öðru lagi að vera algerlega utan við og óháðir vilja manns, ekki eigið sköpunarverk heldur handahófskennd tilviljun. Tilviljun sem er engum að þakka, eða kenna, allra síst einhverjum manni úti í bæ. Bara er.

<sup>31</sup> Vilhjálmur Árnason, *Farsælt líf, réttlátt samfélag*, bls. 280. Þennan lista tekur Vilhjálmur upp úr Rawls, John, *Justice as Fairness: A Restatement*, bls. 57–58.

<sup>32</sup> Freeman, Samuel, „Introduction: John Rawls – An Overview,“ bls. 7.

<sup>33</sup> Rawls, John, *A Theory of Justice: Revised Edition*, bls. 84.

<sup>34</sup> Rawls, John, *A Theory of Justice: Revised Edition*, bls. 87.

Tökum dæmi. Þorsteinn frá Hamri á skilið að fá ríkuleg laun fyrir ritverk sín, gæti smekkvís verðskuldunarsinni sagt, enda þau unnin af nær guðlegri hind. En á hind Þorsteins rætur að rekja til hans sjálfs? Þorsteinn eins og allir aðrir, fékk verðleika sína í vöggugjöf. Þótt hann hafi þá til að bera, ber hann enga ábyrgð á þeim. Þorsteinn vann í atgervislóttóinu. Slíkir happdrættisvinningar náttúrunnar geta, frá siðferðilegu sjónarhorni séð, ekki myndað undirstöðu undir réttláta skiptingu gæða, segir John Rawls. Þetta er að vísu satt, gæti verðskuldunarsinninn viðurkennt, en, gæti hann sagt, hæfileikar Þorsteins stukku ekki fullskapaðir úr genamengi hans, heldur ræktaði hann þá sjálfur með vinnusemi sinni og elju. Þessi viðbára er vanhugsuð því „[við] getum ekki heldur sagt að maður eigi þann dug skilinn sem gerir honum kleift að leggja rækt við hæfileika sína því að dugur manns veltur að mestu á slembiláni um fjölskyldu hans og félagsskap sem hann getur ekki þakkað sjálfum sér.“<sup>35</sup> Samandregin og smætтуð líta rök Rawls einhvern veginn svona út:

1. Hæfileikar fólks, þar á meðal hæfileikinn til að leggja sig fram, tilheyra því ekki fyrir tilstuðlan þess sjálfs heldur tilviljunar.
2. Ef maður býr yfir X án þess að hafa nokkuð til þess unnið sjálfur, þá verðskuldar hann ekki X.
3. Enginn á hæfileika sína skilið.
4. Allar gjörðir manns eru framkvæmdar, beint eða óbeint, með beitingu þeirra hæfileika sem hann býr yfir
5. Ef maður verðskuldar ekki X, og X gerir Y mögulegt, þá verðskuldar hann heldur ekki Y.
6. Enginn maður verðskuldar neitt fyrir gjörðir sína.<sup>36</sup>

Af þessari röksemdafærslu leiðir að fólk verðskuldar hvorki verðleika sína né þau verk sem unnin eru fyrir þeirra tilstuðlan. Sé hún samþykkt hefur hún lamandi áhrif á allar hugmyndir um verðskuldun sem hornstein réttlætisins.<sup>37</sup> Ef fundarmennirnir leyfðu þeim heppnustu/hæfustu að fá „það sem þeir eiga skilið“ og semdu grundvallarlög samfélagsins í anda verðleikasamfélagsins væru þeir að leggja líf sitt og framtíð að veði í spilavíti náttúrunnar; skilgreina réttlætið sem slembilukku. Þeir myndu því ekki, verandi skynsemissverur en ekki spilafíklar, skapa samfélag þar sem tekjum og auði, og góðum hlutum almennt, er dreift í samræmi við verðskuldun. Verðskuldun hvers og eins

<sup>35</sup> Rawls, John, *A Theory of Justice: Revised Edition*, bls. 89. Þýðing Þorsteins Gylfasonar í „Hvað er réttlæti? Handa Halldóri Laxness átræðum,“ bls. 65.

<sup>36</sup> Þessi framsetning, lítillga breytt, er sótt í smiðju George Sher. Sjá Sher, George, *Desert*, bls. 24.

<sup>37</sup> Sem fyrr greinir er réttlæti sem sanngirnir ekki alhliða siðfræðikenning, heldur pólitísk réttlætiskenning sem nær einungis til grunninnviða samfélagsins og virkni helstu stofnana þess. Rawls beinir þessum rökum því alls ekki að persónulegum samskiptum einstaklinga sín á milli heldur varða þau einungis hið pólitíska svið. Sjá Rawls, John, *Justice as Fairness: A Restatement*, bls. 72–73. Það hvort *hægt* sé að takmarka rökinn með þessum hætti er önnur spurning. Hana ræði ég aftar í ritgerðinni.

byggir enda iðulega á verðleikum – sem sjálfir eru ekki verðskuldaðir. Í staðinn, segir Rawls, myndu fundarmenn snúa þessu á haus. Verðskuldun, og sú verðleikahugmynd sem hún hvílir á, hlýtur að gera ráð fyrir ákveðinni hugmynd um hvaða hlutir skipta máli, þangað sem hún sækir skilgreiningu sína. Það að skipuleggja samfélagið með verðskuldun sem æðsta – og sjálfstætt – viðmið; verðlauna verðleika og úthluta fólki því sem það það á skilið er eins og að koma á fót eignarétti í því augnamiði að refsa þjófum.<sup>38</sup> Sú hugmynd er ranghugmynd vegna þess að hún byrjar á öfugum enda; gerir ráð fyrir að eggjið verpi hænunni.

Af útsýnispalli upphafsstöðunnar sést að allir eiga á hættu að vera í hópi hinna verst settu. Allir fundarmenn hafa því hag af því að versti möguleikinn sé sem bestur. Sú niðurstaða hvílir ekki bara á ísköldu hagsmunamati, heldur eru hún líka sanngjörn í ljósi handahófskennds eðlis happdrættis náttúrunnar. Hinir verst settu bera engu meiri ábyrgð á slæmri stöðu sinni en hinir best settu á góðri stöðu. Því er réttlátast að þessir tveir hópar – og allir inni á milli – *deili örlögum*. Hér erum við komin að hinni frægu hugmynd Rawls um dreifingu hæfileika sem sameign.<sup>39</sup> Sú hugsjón er í raun undirstaða réttlætislögmálanna, sér í lagi mismunarlögmálsins.

En hvernig geta ójafnir deilt örlögum? Eins frábært og það væri að fá nokkrar flísar úr framennisberki Þorsteins frá Hamri er vitaskuld ekki hægt að endurdreifa atgervi. Enda er það ekki það sem Rawls hefur í huga þegar hann talar um dreifingu hæfileika sem sameign. „Hugmyndin er að rétta hallann sem stafar af handahófinu í átt að jöfnuði“.<sup>40</sup>

Sem fyrr greinir er kjarni réttlætislögmálanna sá að „öllum félagslegum frumgæðum mannlegs samfélags – frelsi og tækifærum, tekjum og auði og forsendum sjálfsvirðingar – eigi að skipta jafnt nema að ójöfn skipting einhverra eða allra þessara gæða sé öllum til hagsbóta.“<sup>41</sup> Í mismunarlögmálinu er sérstaklega kveðið á um að allur félagslegur og fjárhagslegur ójöfnuður sé því aðeins réttlætanlegur vænki hann hag þeirra verst settu í samfélaginu. Raunar tekur Rawls dýpra í árinna; *samfélaginu ber siðferðileg skylda til að velja það fyrirkomulag sem hámarkar hag hinna verst settu*. Sú leið yrði óhjákvæmilega valin í upphafsstöðunni, enda besta leiðin til að stemma stigu við hinni títtnefndu verðleikamisskiptingu að innleiða þá bræðralagshugsjón sem mismunarlögmálið felur í sér; „nefnilega þá hugmynd að vilja ekki bera meira úr bítum en aðrir nema það sé til hagsbóta fyrir þá sem verr eru settir.“<sup>42</sup>

Minnumst greinarmunarins sem við gerðum að ofan á stofnanabundinni verðskuldun og óstofnanabundinni verðskuldun. Í hinu rawlsíska samfélagi starfa stofnanir samfélagsins eftir réttlætislögmálunum tveimur. Þessi réttlætislögmál, og þær stofnanir sem sjá um að framfylgja þeim

<sup>38</sup> Rawls, John, *A Theory of Justice: Revised Edition*, bls. 275.

<sup>39</sup> Rawls, John, *A Theory of Justice*, bls. 101

<sup>40</sup> Rawls, John, *A Theory of Justice: Revised Edition*, bls. 86.

<sup>41</sup> Rawls, John, *A Theory of Justice*, bls. 62. Þýðing Vilhjálms Árnasonar í *Farsælt líf, réttlátt samfélag*, bls. 276.

<sup>42</sup> Rawls, John, *A Theory of Justice: Revised Edition*, bls. 90. Þýðing mín.

og endurdreifa gæðum í samræmi við þau, eru hænán sem skilgreinir – verpir – verðskuldun fólks. Rawls snýr hinni aristótélísku verðskuldunar hugmynd á haus. Réttlætið felst ekki í því að fólk fái það sem það á skilið; fólk verðskuldar það sem er réttlátt. Rawls virðist því við fyrstu sýn vera talsmaður stofnanabundinnar verðskuldunar; fólk á skilið þau gæði úr hendi stofnana samfélagsins sem það á réttmætar væntingar til. Það er ekki alveg rétt túlkun, að mati þess sem þetta skrifar.

Mín túlkun er sú, eins og titill ritgerðarinnar ber með sér, að allir eiga allt það skilið, einungis í krafti þess að vera borgarar í samfélaginu, sem leiðir af réttlætisreglunum tveimur. Allir eiga skilið að fá úr hendi *réttlátra* stofnana samfélagsins þau grunnæði sem þeir eiga réttmætar væntingar til. Það er því viss einföldun að segja að John Rawls telji fólk aðeins verðskulda það sem leiðir af *gildandi* reglum stofnana. Fólk verðskuldar það sem leiðir af réttlætislögmálunum. Starfi stofnanir ekki í samræmi við þau, getur verðskuldun fólks fallið utan við það sem leiðir af reglum stofnananna. Réttast er því að kalla verðskuldunarhugtak Rawls réttlætisbundna verðskuldun (e. *justicial desert*).<sup>43</sup>

Það sem réttlætisbundin verðskuldun Rawls og stofnanabundin verðskuldun eiga sameiginlegt er að bæði hugtökin eru háð ákveðnum ramma eða fyrirkomulagi, hvort sem sá rammi er gildandi lög eða réttlætislögmálin, þangað sem þau sækja skilgreiningu sína. Mergurinn málsins er sá að verðskuldun er ekki æðsta lögmál dreifiréttlætis. Hún kemur ekki til skjalanna fyrr en eftir að réttlætislögmálin hafa verið ákveðin. Þegar stofnanir samfélagsins fara svo að vinna eftir lögmálunum er hægt að skilgreina það sem fólk á skilið sem þær réttmætu væntingar sem lögmálin vekja hjá fólki. „Við getum því notað klassískan frasa og sagt: í réttlátu kerfi fær hver það sem hann á skilið. Það er að segja, kerfið veitir öllu fólki það sem það á tilkall til samkvæmt skilgreiningu kerfisins sjálfs.“<sup>44</sup>

Hvað er hér orðið af hinu hefðbundna verðskuldunarhugtaki? Þeirri hugmynd að verðlauna eigi verðleika? Hinu aristótélíska flaggskipi sem reið röftum í ríki réttlætisins? Það er að engu orðið. Smættað niður í réttmætar væntingar borgara hins réttláta samfélags. Í raun svo ólíkt sjálfu sér að það er orðið að einhverju allt öðru – samræmist ekki almennri málvenju – hefur tekið hamskiptum. Í tilvitnuninni hér að ofan má enda greina ákveðna launhæðni; þótt Rawls noti hinn „klassísk[a] frasa“ til að lýsa verðskuldunarhugtaki sínu er það verðskuldunarhugtak ekkert verðskuldunarhugtak. Það eina sem það felur í sér er réttur til ákveðins hluta af réttlátri skiptingu gæða. Verðskuldun Rawls er réttlátt tilkall.

Þetta réttláta tilkall miðast sem áður segir við þær réttmætu væntingar sem borgarar samfélagsins hafa til stofnana þess. Réttmætu væntingarnar byggja á þeirri skiptingu grunnæða

<sup>43</sup> Scheffler, Samuel, „Justice and Desert in Liberal Theory,“ bls. 979.

<sup>44</sup> Rawls, John, *A Theory of Justice: Revised Edition*, bls. 274–275. Þýðing mín.



sem leiða af mismunarlögmálinu. Sú skipting er ekki endilega jöfn, og gæti reyndar fræðilega verið verulega ójöfn. Það sem skiptir máli er að sneið lítilmagnans sé sem stærst. Það er svo hagfræðinnar að svara því hvaða tilhögun er best til að ná því marki.<sup>45</sup> Sjálfur segist Rawls vera *agnostic* varðandi þá spurningu hvaða tæki – hvaða stjórnmalastefna – sé heppilegust til að raungera þá hugsjón.<sup>46</sup> Hann bendir á að fáránlegt væri að fórna lífsgæðum allra á altari algers jafnaðar. En ójöfnuðurinn má líka *einungis vera til staðar á þeim forsendum*, til dæmis sem afleiðing hvatakerfis sem eykur verðmætasköpun öllum til heilla.

Félagslega kerfið er ekki óumbreytanleg regla handan mannglegrar stjórnar, heldur mynstur sem ræðst af gjörðum manna. Í réttlæti sem sanngirni samþykkja menn að gefa sig á vald hendingu náttúrunnar og félagslegra kringumstæða *einungis þegar það er öllum til heilla*. Réttlætislögmálin eru sanngjörn leið til að bregðast við handahófi lukunnar.<sup>47</sup>

Hugmyndin er sem sagt sú að beisla þá hæfileika sem eru nauðsynlegir og gagnlegir fyrir samfélagið, og til þess gæti þurft að vekja meiri væntingar hjá sumum en öðrum. Með þessu er ekki tekin afstaða til verðskuldunar, í hefðbundnum skilningi þess orðs, heldur einungis reynt að virkja og fullnýta þau verðmæti sem felast í mannaudi.

Þessi niðurstaða vekur ótal spurningar. Ein er sú að hún virðist ekki ríma vel við kantíska grunnstoð réttlætis sem sanngirni, nefnilega greinarmuninn á persónum. Í fyrsta hluta *A Theory of Justice* nefnir Rawls sérstaklega að helsti aflvaki skrifna hans hafi verið að smíða kenningu til höfuðs þeirri heildarhyggju sem er innifalin í nytjastefnunni. En hér virðist Rawls gerast sekur um sömu heildarhyggju; að nota hæfileika sumra til að vænka hag annarra. Að byggja réttlætiskenningu í kantískum anda á slíkum grunni er svolítið eins og að stofna nasistaflokk með gyðing í forsvari; einhvers konar þversögn. Nánar verður fjallað um gagnrýnar spurningar af þessu tagi síðar í ritgerðinni, og þær meðal annars sóttar í smíðju Roberts Nozicks.<sup>48</sup> Fyrst verður önnur og eðlisólík gagnrýni tekin til skoðunar. Hún snýr ekki að þeim forsendum sem leiða til niðurstöðunnar heldur hvaða afleiðingar það hefur að samþykkja rökfærsluna. Máttur hennar virðist enda meiri en svo að hægt sé að einskorða hana við dreifiréttlæti. Ef einstaklingurinn ber í raun hvorki ábyrgð á hæfileikum sínum né gjörðum, hvað verður þá um siðferðið?

---

<sup>45</sup> Rawls, John, *A Theory of Justice: Revised Edition*, bls. 234.

<sup>46</sup> Rawls, John, *A Theory of Justice: Revised Edition*, bls. 242.

<sup>47</sup> Rawls, John, *A Theory of Justice: Revised Edition*, bls. 88. Þýðing og leturbreyting mín.

<sup>48</sup> Hér tek ég ekki afstöðu til þess hvort þessi gagnrýni sé réttmæt, bendi einungis á að hún hefur verið sett fram og verið áhrifamikil. Nánar verður fjallað um þessa gagnrýni í sjöunda og áttunda kafla.

## VI. Pandóruaskja Rawls

Enginn er eigin skapari. Þessi grundvallarsannindi virðast jafn augljós og þau eru óhrekjanleg. Samt spá fæstir í siðferðilegar afleiðingar þeirra. Ef ég er ekki sá sem ég er fyrir eigin tilstuðlan virðist ég enga ábyrgð bera á sjálfum mér. Ef það sem ég geri ræðst af því sem ég er, virðist ég einnig ábyrgðarlaus af athöfnum. Þessa hugsun – eins og svo margar aðrar – orðaði Nietzsche best. Gefum honum orðið:

*Causa sui* er besta þversögn sem menn hafa fitjað uppá til þessa, eins konar rökfræðileg nauðgun eða öfuguggaháttur, en svellandi stolt mannsins gekk svo langt að það flækti sig rækilega og með hrikalegum afleiðingum í þessu rugli. Löngunin eftir „frelsi viljans“ í þeim frumspekilega hástigsskilningi sem enn tröllríður heilabúum hálfmenntaðra manna, löngunin til þess að bera sjálfur fulla og hinstu ábyrgð á athöfnum sínum og léttu henni af guði, heiminum, forfeðrunum, hendingunni og samfélaginu, er nefnilega hvorki meira né minna en að vera einmitt þessi *causa sui* og draga sjálfan sig á hárinu upp úr kviksyndi tómsins inn í tilveruna af enn meiri fífldirfsku en Munchhausen forðum.<sup>49</sup>

Það eru akkúrat þessar efasemdir um manninn sem *causa sui* – orsök sjálfs sín – sem hafa orðið þess valdandi að Rawls og fleiri stjórnspekingar forðast að byggja réttlætiskenningar sínar á verðskuldun. Samuel Scheffler tekur í svipaðan streng þegar hann veltir fyrir sér hvers vegna Rawls hefur endaskipti á réttlætinu; hvers vegna hann lætur réttlætið skilgreina verðskuldun (sem þá verður að eintómu tilkalli) frekar en öfugt. Scheffler segir að þótt Rawls myndi ekki viðurkenna það sjálfur þá séu efasemdir um frelsi viljans dulin forsenda andverðskuldunarkenningar hans.<sup>50</sup> Rawls vill hins vegar ekki orða efasemdirnar upphátt af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi er hans eigin kenning að miklu leyti byggð á kantískum forsendum um einstaklinginn sem sjálfráðan agent.<sup>51</sup> Í öðru lagi vegna þeirra víðtæku afleiðinga – þann siðferðilega gereyðingarmátt – sem þær hafa. Í refsilöggjöfinni er ásetningur til dæmis algert skilyrði fyrir því að hægt sé að dæma menn til refsingar fyrir glæpi.<sup>52</sup> Ef við tökum röksemdafærslu Rawls alvarlega þá verðum við hugsa hugmyndir okkar um persónulega ábyrgð alveg upp á nýtt. Um þetta segir Daniel Dennett:

<sup>49</sup> Nietzsche, Friedrich, *Handan góðs og ills*, bls. 112.

<sup>50</sup> Scheffler, Samuel, „Responsibility, Reactive Attitudes and Liberalism in Philosophy and Politics,“ bls. 309 – 310.

<sup>51</sup> Kant gefur sér það sem frumsendu – eða „frumhæfingu“ – að vilji mannsins sé frjáls. Viljann er því hægt að taka út fyrir sviga nauðsynjar náttúrunnar og grafa með honum grundvöll siðferðisins. Sjá um þetta Kant, Immanuel. *Grundvöllur að frumspeki siðlegrar breytni*, bls. 193–206.

<sup>52</sup> Sjá umfjöllun um siðferðilega ástæður þessa í Jónatan Þómundsson, *Afbrot og refsiaþbyrgð II*, bls. 11–28.

Það gæti verið [...] að hugtakið persónuleg ábyrgð sem er sem meitlað í stein hefðbundinna (vestrænna) hugmynda um siðferði feli í sér ósamkvæmni, og að við ættum að endurskoða það hugtak – jafnvel varpa því alfarið fyrir róða – ásamt þeirri fjölskyldu hugmynda sem hverfast um það: sekt, verðskuldun, siðferðilegt lof, refsingar, svo að þær mikilvægustu séu nefndar.<sup>53</sup>

Þessi ritgerð fjallar auðvitað ekki um frjálstan vilja. Réttlætiskenning Rawls fjallar ekki heldur um frjálstan vilja og markmið Rawls er fráleitt að færa rök gegn honum. En það er ekki hans að ákveða bit eigin röksemda. Í *A Theory of Justice* gerir hann tilraun til að vængstýfa rök sín með því að hafna því að þau nái líka til refsiréttlætis. Hann segir refsiréttlæti og dreifiréttlæti alls ekki tvo póla á sama ás, heldur lúta gerólíkum lögmálum. Hann eyðir ekki miklu púðri í að útskýra hvers vegna. Hann nær í öllu falli ekki að sannfæra Michael Sandel sem bendir á hið augljósa:

Ná ekki sömu röksemdirnar um handahóf að útiloka verðskuldun sem grunn undir refsingar eins og dreifingu gæða? Er hneigðin til að fremja glæpi ekki á sama hátt og hneigðin til góðra verka, afleiðing af þáttum sem frá siðferðilegu sjónarhorni eru algerlega handahófskenndir?<sup>54</sup>

Svarið við þessum spurningum virðist augljóst. Af andverðskuldunarröksemdafærslu Rawls leiðir að til þess að eiga A skilið verður maður einnig að verðskulda þann grundvöll, B, sem A hvílir á. Til þess að verðskulda B verður maður – aftur – að verðskulda það sem undirbyggir B, C. Og til þess að verðskulda C verður maður að verðskulda D og E og F og bara allt stafrófið – sem er reyndar alltof stutt – *ad infinitum*. Þessi röksemdafærsla nær með almennum hætti yfir allar verðskuldunaryrðingar, óháð því hvort um er að ræða dreifi- eða refsiréttlæti. Ætli Rawls að vera samkvæmur sjálfum sér verður hann því að viðurkenna að glæpamenn verðskuldi aldrei – óstofnanabundið – refsingar fyrir glæpi sem þeir fremja. Mörgum finnst erfitt að kyngja röksemdafærslu hvernar niðurstaða brýtur jafn freklega í bága við almenna skynsemi. Það er að líkindum ástæðan fyrir því að Rawls reynir að forðast þennan samanburð og gerir lítið úr almennum mætti rakanna. Hér læt ég nægja að segja að það að forsendur leiði til óheppilegrar niðurstöðu eru ekki sjálfstæð rök gegn þeim.<sup>55</sup> Í næsta kafla verða slík rök – efnisleg rök gegn forsendum rakanna – hins vegar tekin til umfjöllunar.

<sup>53</sup> Dennett, Daniel, *Elbow Room: The Varieties of Free Will Worth Wanting*, bls. 156. Þýðing mín.

<sup>54</sup> Sandel, Michael, *Liberalism and the Limits of Justice*, bls. 90. Þýðing mín.

<sup>55</sup> Reyndar eru ekki allir sammála því. Alan Zaitchik hafnar andverðskuldunarkenningunni meðal annars með vísun í *reductio ad absurdum*. Sjá Zaitchik, Alan, „On Deserving to Deserve,“ bls. 373.

## VII. Gagnrýni:

Tilgangur mismunarlögmálsins er að klippa á öll tengsl milli þeirra gæða sem fólk fær í sinn hlut og þeirra siðferðilega handahófskenndu þátta sem ráða aflahæfi fólks í samfélaginu. Þar eð enginn verðskuldunargrunnur verður hafinn nægilega yfir hendingu náttúrunnar, að mati Rawls, er verðskuldun svipt atkvæðisrétti um hvernig skiptingunni skuli háttað. Í fyrsta kafla ræddum við hvers konar þættir gætu mögulega myndað grunn undir verðskuldun. Einn þeirra er elja. Í bók sinni, *Desert*, gerir George Sher engar athugasemdir við það markmið Rawls að láta réttlætið ekki stjórnast af tilviljunum en efast um að allir þeir þættir sem Rawls segir handahófskennda séu það í reynd. Hvað með elju? Er ekki hægt, spyr Sher – er ekki augljóst – að margt fólk sem *getur* lagt sig fram *vilji* það einfaldlega ekki. Ef við gefum okkur þá forsendu, sem Rawls hafnar hvergi upphátt og kenning hans hvílir að hluta til á, að viljinn sé frjáls, þá hlýtur að vera – eða að minnsta kosti geta verið – bil á milli þess sem ég *get* og þess sem ég *vil*. Og það er í þessu svigrúmi, segir Sher, sem verðskuldun fær þrifist.<sup>56</sup>

Rawls virðist gera ráð fyrir því að viljinn fylgi nauðsynlega þeim eiginleikum sem manneskjan býr yfir. En hvernig veit hann það? Gæti ekki verið að yfirburðamaður í andlegu- og líkamlegu atgervi, goðumlíkur andi nær sprunginn úr atorku vilji frekar sólunda hæfileikum sínum en að draga arnsúg í flugnum á samfélagslega mikilvægu sviði? Geti það, en *velji* að gera ekki. Í stuttu máli: Rawls getur ekki dregið þá ályktun í eitt skipti fyrir öll að allir þeir sem leggja sig ekki fram, hafi ekki hæfileikann til þess. Þótt hæfileikar séu kannski handahófskenndir er viljinn það ekki, og fólk ber – og á að bera – ábyrgð á vali sínu og uppskera eftir því.<sup>57</sup>

Hvað má segja um þessa mótbáru? Hefur Sher fundið gagndæmi sem hægt er að taka út fyrir sviga handahófsins og nota sem grunn undir verðskuldun fólks? Kannski. En tökum eftir því að Sher sannar ekki að svigrúmið sé til staðar heldur sýnir bara að það sé mögulegt; býr til svigrúm fyrir svigrúmið.

Rawls neitar þessu aldrei. Og raunar er þessi óvissa hluti af rökstuðningi hans fyrir því að ómögulegt sé að nota verðskuldun til að skilgreina réttlætið. Jafnvel þótt hægt væri að vinna viss verk algerlega af eigin rammleik, í mjög sterkum skilningi þess hugtaks, þá gætu stofnanir samfélagsins aldrei vitað hvaða verk það væru; aldrei vitað hvar frjáls vilji tæki við af ófrjálsum aðstæðum og gefnu atgervi. Þótt téð meint svigrúm sé til staðar, þá er „óframkvæmanlegt“, segir Rawls, fyrir stofnanir samfélagsins að dreifa gæðum með tilliti til þess.<sup>58</sup>

<sup>56</sup> Sher, George, *Desert*, bls. 28–29.

<sup>57</sup> Richard Arneson gagnrýnir Rawls á svipuðum forsendum. Sjá Arneson, Richard, „Primary Goods Reconsidered.“

<sup>58</sup> Rawls, John, *A Theory of Justice: Revised Edition*, bls. 274.

Í bók sinni, *Anarchy, State, and Utopia*, tekur Robert Nozick andverðskuldunarkenningu Rawls til gagnrýninnar skoðunar.<sup>59</sup> Hann þykist sjá ýmsa vankanta á henni.<sup>60</sup> Einn hefur þegar verið tekinn til umfjöllunar að ofan: Andverðskuldunarkenningin útilokar fólk sem ábyrga gerendur. Slík „ógöfug sýn á manneskjuna“ virðist á öndverðum meiði við markmið Rawls um að „styrkja reisn og sjálfsvirðingu sjálfráða einstaklinga“.<sup>61</sup> Í öðru lagi, segir Nozick, mun sérhver dreifing gæða, meðal annars sú sem Rawls leggur til, fela í sér siðferðilega handahófskennda þætti. Í þriðja lagi gagnrýnir Nozick þá ströngu kröfu sem Rawls gerir til verðskuldunar; til þess að verðskulda þarf maður að verðskulda „alla leið niður“.<sup>62</sup> Hér hyggst ég einkum fjalla um þriðja lagið.

Ef menn þurfa alltaf að verðskulda þann grunn sem verðskuldun þeirra byggir á, er ljóst að enginn getur nokkurn tíma verðskuldað neitt. Alltaf er hægt að fara lengra niður, og engin verðskuldun nær „alla leið niður“. Þessi réttlættingarvandi er almennari en svo að hann nái bara til verðskuldunar. Hinn svokallaði hopvandi (e. *regress problem*) er vel þekktur í þekkingarfræði. Hann er í stuttu máli sá að alltaf er hægt að gera kröfu um frekari réttlættingu, sama hvaða yrðing á í hlut. Alltaf er hægt að spyrja, eins og rassálfur: Af hverju? Af hverju? Af hverju? Á endanum hljótum við því að lenda á vegg og viðurkenna að lokaréttlættingin hvílir á ákveðnum frumsendum (e. *axioms*), sem sjálfar hvíla á engu nema náttúrunnar skilningsljósi. Af þessu má sjá að verðskuldun „alla leið niður“ er ekki bara ómöguleg; slík krafa felur í sér ómöguleika – sama að hverju hún beinist.<sup>63</sup>

Einhvers staðar verðum við því að stoppa. Nozick efast um að grunnurinn sem við miðum við þurfi sjálfur að vera verðskuldaður. Þótt hæfileikar séu ekki verðskuldaðir, tilheyra þeir samt sumum en ekki öðrum. Þeir eru nauðsynlega bundnir líkama þínum. Af þeirri staðreynd leiðir *eo ipso* að þú, en enginn annar, átt heimtingu á því sem verður til við beitingu þeirra. Sá kröfuréttur þarf ekki að vera óréttlátur, eins og Nozick reynir að sýna með eftirfarandi dæmi:

Ef konan, sem síðar yrði eiginkona mín, hafnaði öðrum biðli (sem hún hefði annars gifst) til þess að vera með mér, að hluta til vegna (fyrir utan elskulegt eðli) skarpra gáfna minna og gervilegs útlits, sem ég vann mér ekki inn, myndi þá hinn ómyndarlegri og ekki jafngáfaði biðill geta með rétti kvartað yfir óréttlæti?<sup>64</sup>

<sup>59</sup> Raunar má segja að bókin sé eitt allsherjar viðbragð við *A Theory of Justice*, sem Nozick fannst mikið listaverk. Í inngangi *Anarchy, State, and Utopia* segir hann til dæmis: „Bókin er gosbrunnur ljómandi hugmynda sem slyngjast saman í fegurstu mynd. Stjórnspekingar sem nú eru á dögum verða annaðhvort að vinna verk sitt innan þeirra marka sem Rawls setur þeim, eða þá afsaka frávík sín [...] Það er ógerlegt að lesa bók Rawls án þess að innbyrða mikið efni, ef til vill umbreytt, og fella það að eigin hugmyndum sem dýpka þá mjög fyrir vikið. Og það er ógerlegt að ljúka lestri bókar hans án nýrrar og uppljómaðrar sýnar yfir köllun siðfræðinnar og sameiningarmátt, og svo til hins hversu fögur heilsteypt kenning getur verið.“ Nozick, Robert, *Anarchy, State, and Utopia*, bls. 183. Þýðing Þorsteins Gylfasonar í „Hvað er réttlæti? Handa Halldóri Laxness átræðum“, bls. 26.

<sup>60</sup> Verðskuldun gegnir engu hlutverki í réttlætiskenningu Nozicks. Þá afstöðu byggir hann hins vegar á öðrum forsendum en Rawls. Ég hef ekki tók á því að fara ítarlega út í þá sálma hér en bendi áhugasömum á sjöunda kafla *Anarchy, State, and Utopia*. Nozick, Robert, *Anarchy, State, and Utopia*, 7. kafli.

<sup>61</sup> Nozick, Robert, *Anarchy, State, and Utopia*, bls. 214. Nozick reisir réttlætiskenningu sína einnig á kantískum grunni, í þeim skilningi að hið rétta hefur óskoraðan forgang yfir hið góða.

<sup>62</sup> Nozick, Robert, *Anarchy, State, and Utopia*, bls. 225.

<sup>63</sup> Um hopvandann er til heimikill literatúr. Sjá til dæmis Aikin, Scott F., *Epistemology and the Regress Problem*.

<sup>64</sup> Nozick, Robert, *Anarchy, State, and Utopia*, bls. 237. Þýðing mín.

Michael Sandel þróar þessar hugleiðingar lengra, og gerir athugasemd við þá tvíhyggju sem Rawls virðist ganga út frá.<sup>65</sup> Er ekki undarlegt, spyr Sandel, að líta á hæfileika sem eitthvert utanaðkomandi fyrirbæri sem afplánar lífstíðardóm í líkama manneskju? Er þetta ekki skritinn greinarmunur? Að líta á manneskju sem eitt, og eiginleika hennar – það sem gerir hana að *henni* – sem eitthvað annað. Hæfileikar eru ekki eitthvað sem þú færð lánað, neytir, og skilar svo aftur við andlát. Þú *hefur* ekki bara hæfileika þína, þú *ert*, meðal annarra þátta, hæfileikar þínir. Því hvað stendur eftir, þegar sjálfið hefur verið berstrípað öllum skapgerðareiginleikum? Sjálf sem stendur á slíkum berangri er í raun ekkert – persónan horfin. Sandel segir að jafnvel þótt við samþykkjum þessa „ótignu“ sýn á manneskjuna, sýn sem tekur „greinarmuninn á manneskjum ekki alvarlega“, þá leiði það samt ekki til þeirrar niðurstöðu sem Rawls kemst að. Sandel skrifar:

Mismunarlögmálið hefst á þeirri hugsun, sem er lýsandi fyrir hið óbundna sjálf, að eiginleikarnir sem ég hef til að bera hafi ég aðeins fyrir slysi. En það ályktar að lokum að eiginleikarnir séu þar af leiðandi *almannagæði*, og að samfélagið hafi forkröfu í þá ávexti sem verða til fyrir þeirra tilstuðlan. En þessa ályktun skortir stoð. Af þeirri ástæðu að ég, sem einstaklingur, hef ekki algilt tilkall til þeirra eiginleika sem fyrir tilviljun hafa heimilisfestu „hér“, leiðir ekki að allir í heiminum hafi það í sameiningu. Því það er engin sérstök ástæða til þess að halda að staðsetning þeirra í samfélaginu okkar, eða í mannfélaginu yfirleitt, sé eitthvað *minna* handahófskennd frá siðferðilegu sjónarhorni. Og ef handahófskennd staðsetning eiginleikanna í *mér* gerir það að verkum að ég má ekki nota þá til að þjóna *mínum* markmiðum, þá virðist ekki vera nein augljós ástæða fyrir því að handahófskennd staðsetning þeirra innan ákveðins samfélags gefi því samfélagi rétt til að nota þá til að þjóna markmiðum þess.<sup>66</sup>

Með öðrum orðum: Rök Rawls eru *non sequitur*. Þrátt fyrir að við föllumst á að við sjálf verðskuldum ekki ávexti eigin erfiðis, þá þýðir það ekki að samfélagið sem við tilheyrum verðskuldi eða hafi heimtingu á að njóta þeirra. Til þess að stíga það skref yrðum við að samþykkja frekari forsendu, sem kenningu Rawls var upphaflega stefnt gegn; nefnilega þá nytjahugsun að almannahagur trompi persónulega helgi einstaklinga. Það er nákvæmlega þessi meinti rökbrestur Rawls, og fleiri frjálsslyndra jafnaðarmanna, um forsendur endurdreifingar gæða samfélagsins sem leiddi Robert Nozick, nánast nauðugan viljugan, inn á braut frjálsslyndrar frjálshyggju.<sup>67</sup> Sjálfur er hann sammála, og segir raunar ómögulegt að vera ósammála, Rawls um að við verðskuldum ekki verðleika okkar. En hann dregur af því mjög ólíkar ályktanir.

<sup>65</sup> Þótt ég blandi hér saman svipaðri gagnrýni Sandels og Nozicks á kenningu Rawls, eru þetta tveir mjög ólíkir hugsuðir með mjög ólíka sýn á réttlætið. Sandel er talsmaður samfélagshyggju, á meðan Nozick er frjálshyggjumaður.

<sup>66</sup> Sandel, Michael, „The Procedural Republic and the Unencumbered Self“, bls. 89. Þýðing mín.

<sup>67</sup> Í inngangi að *Anarchy, State, and Utopia* segist Nozick áður hafa verið hallur undir jafnaðarstefnuna en hafi síðan smám saman áttað sig á því að rökin fyrir henni stæðu á brauðfótum, og hann sannfærst um að eina stjórnmalastefnan sem stæðist röklega skoðun væri frjálshyggja. Þetta þótti honum miður því flestir vinir hans voru jafnaðarmenn, og hinn nýi félagsskapur frjálshyggjumanna samanstóð að mestu af síngjörnum aulum. Sjá Nozick, Robert, *Anarchy, State, and Utopia*, bls. xix–xxiv.

Það er ekki satt, sem dæmi, að manneskja vinni sér inn Y (rétt til þess að halda málverki sem hann málar, lof fyrir að skrifa *A Theory of Justice*, og svo framvegis) aðeins ef hún vann sér inn (eða verðskuldaði á annan hátt) það sem hún notaði (þar með talið atgervi) til þess að vinna sér inn Y. Þeir hlutir sem hún notar gæti hún einfaldlega *haft*, ekki á óréttmætan hátt. Það þarf ekki að vera þannig að grunnurinn sem undirbyggir verðskuldun sé sjálfur verðskuldaður, *alla leið niður*.<sup>68</sup>

Réttlætiskenning Nozicks, *tilkallskenningin*, byggir á þeirri forsendu að einstaklingurinn sjálfur, en ekki aðrir einstaklingar og ekki samfélagið, hafi *tilkall* til eigin líkama og sálar og alls þess virðisauka sem hann skapar með atorku sinni.<sup>69</sup> Nozick sneiðir hjá andverðskuldunarrökum Rawls með því að skipta orðinu „verðskuldun“ út fyrir „tilkall“ og lendir þar af leiðandi ekki í sömu vandræðum og þær verðskuldunarkenningar sem rökum Rawls er beint gegn. Úr verður eftirfarandi rökfærsla:

1. Fólki á tilkall til náttúrulegra eiginleika sinna.
2. Ef fólki á tilkall til einhvers, þá á það tilkall til alls sem af því flýtur (með nánar tilgreindum hætti)
3. Höld fólks fljóta af náttúrulegum eiginleikum þess.

Af þessu leiðir:

4. Fólki á tilkall til halda sinna.
5. Ef fólki á tilkall til einhverra hluta, þá ætti það að [fá] að halda þeim (og þetta er þyngra á metunum en nokkur viðtekin jafnaðarsjónarmið um höld fólks)<sup>70</sup>

Tilkallskenning Nozicks, og sú ófrávíkjanlega mannhelgishugsjón sem hún hvílir á, felur auðvitað í sér að allar tilraunir til að endurdreifa gæðum, ekki einungis mismunarlögmálið, eru fyrirfram stimplaðar sem mannréttindabrot.<sup>71</sup> Þessi púrítanska sýn á mannréttindi er þannig ekki bara á skjön við réttlæti sem sanngirni; í henni er fólgin djúpstæður andstraumur gegn hvers konar lögbundinni samneyslu. Ágreiningur Nozicks og Rawls stendur því ekki um hvort fólki verðskuldi þau gæði sem það skapar, heldur um hitt; hvort það hafi þrátt fyrir það óskorað tilkall til þeirra. Nozick gefur sér það sem framsendu, og byggir réttlætiskenningu sína á þeim Arkímedesarpunkti. Rawls neitar að sætta sig við þá framsendu, neitar að stoppa þar, heldur fer „alla leið niður“. Í stað þess að gefa sig

<sup>68</sup> Nozick, Robert, *Anarchy, State, and Utopia*, bls. 215. Þýðing mín.

<sup>69</sup> Þessa hugmynd um eignarhald fólks á sjálfu sér og eigin sköpunarverkum sækir hann í smiðju John Locke. Sjá Locke, John. *Ritgerð um Ríkisvald*, kafli V.

<sup>70</sup> Nozick, Robert, *Anarchy, State, and Utopia*, bls. 225–226. Þýðing (lítillga breytt) Þorsteins Gylfasonar í „Hvað er réttlæti? Handa Halldóri Laxness átræðum,“ bls. 55.

<sup>71</sup> „Skattlagning launa fyrir vinnu er á pari við nauðungarvinnu. Að hrifsa ágóða af vinnu annars manns jafngildir því að hrifsa af honum tíma og neyða hann til að framkvæma athafnir.“ Nozick, Robert, *Anarchy, State, and Utopia*, bls. 169.

tilviljun náttúrunnar á vald, í stað þess að leyfa hinum náttúrulega ójöfnuði að breytast í efnahagslegan ójöfnuð leggur hann til annars konar kröfuréttarsamband en Nozick. Í stað þess að ég eigi tilkall til þeirra gæða sem ég skapa með mínum hæfileikum, eigum við tilkall til þess sem við sköpum með okkar hæfileikum (eftir dreifireglum mismunarlögmálsins).

Nauðsynlegt er hins vegar að átta sig á að þetta sameiginlega tilkall okkar er ekki algilt. Hlutverk stofnana hins réttláta samfélags er ekki að rétta hlut hins heimiska hlunnfarna vonbiðils konu Roberts Nozicks; réttlæti sem sanngirni er ekki alhliða siðfræðikenning og nær ekki yfir – og *á ekki* að ná yfir – alla þætti mannlegs lífs. Ástin, og önnur persónuleg svið tilverunnar, falla utan við hið pólitíska mengi sem er viðfang réttlætis sem sanngirni. Raunar mætti færa rök fyrir því að hið handahófskennda og óvænta eðli ástarinnar sé einmitt hennar helsti kostur, og því eftirsóknarvert að gefa sig því á vald. Við þurfum ekki ítarlega rökstudda ástæða fyrir því að verða ástfangin. Ástin streitist gegn öllum röklegum réttlætningum, hún verður ekki rökgreind – bara upplifuð. Hið sama má ekki segja um dreifingu frumgæða samfélagsins. Við viljum ekki að þau gæði sem hverjum manni eru nauðsynleg til lífsviðurværis sé dreift á tilviljunarkenndan hátt, heldur eftir rökréttum og sanngjörnum leiðum. Sá sáttmáli sem samþykktur yrði í upphafsstöðunni, og allir sanngjarnir menn ættu að geta fallist á, tryggir öllum þetta lágmark – og reynir meira að segja að hámarka það – en snýr einungis að grunngerð samfélagsins og dreifingu frumgæða. Þetta mætti orða þannig að við viljum ekki að tilviljanir ráði *möguleikum* okkar til að áforma líf okkar, en við viljum heldur ekki að ríkið áformi það fyrir okkur. Og víkur nú sögu að djúpstæðari gagnrýni á andverðskuldunarkenningu Rawls, nefnilega þeirri að hún gangi í berhögg við réttlætiskenningu Rawls.

Sem fyrr greinir telur Rawls ekki nægjanlegt að réttlætisreglurnar séu ákveðnar af hinum hreinu skynsemissverum upphafsstöðunnar. Þær þurfa einnig að skírast í eldi hins ígrundaða jafnvægis. Brjótí þær réttlætisreglur sem ákveðnar yrðu í upphafsstöðunni freklega gegn siðferðilegu innsæi borgara þess samfélags sem reglurnar eiga að ná yfir, þarf að breyta þeim og bæta. Þannig má líta á hið ígrundaða jafnvægi sem samtal á milli innsæis og skynsemi, sem hefur það að markmiði að ná sáttum milli fræða og raunveruleika. Þetta þýðir að ef hin jákvæða hugmynd um verðskuldun á sér jafn djúpar rætur í innsæi fólks og kannanir benda til, þyrfti þessi stoð kenningar hans að taka mið af því.<sup>72</sup> Það gerir hún hins vegar ekki. Hér virðist Rawls brjóta þær málsmeðferðarreglur sem hann setur sér sjálfum. Hvað veldur?

Minumst þess að helstu rök Rawls gegn nytjastefnuna, og aðalástæða þess að hann gerði það að ævistarfi sínu að smíða kenningu til höfuðs henni, eru þau hún tekur greinarmuninn á manneskjum ekki alvarlega. Auki það nyt, skirrist hún ekki við að nota suma sem tæki fyrir aðra,

---

<sup>72</sup> Sjá Zaitchik, Alan, „On Deserving to Deserve,“ bls. 373.



svo notað sé kantískt orðalag. Mismunarlögmálið, aftur á móti, notar hina betur settu ekki sem tæki hinna verst settu vegna þess að dreifing þeirra hæfileika, sem gerir suma að aflaklóm en aðra ekki, er sameiginleg auðlind. Það eru afurðir þessarar sameignar sem notaðar eru heildinni til heilla, en ekki manneskjurnar sjálfar.

Allar þessar ályktanir hvíla hins vegar á andverðskuldunarkenningunni. Verðskuldi ég í raun verðleika mína og verk, hlýtur tilkall mitt til þeirra gæða sem ég afla vegna þeirra að styrkjast og heimting heildarinnar að veikjast. Þess vegna er það viðhorf ekki bara „surely incorrect“, að mati Rawls, heldur *verður* það að vera það til þess að hin kantíska undirstaða réttlætis sem sanngirni molni ekki undan henni – og hún hrynji til grunna.

En vandamálið er stærra en svo að það sé einungis fólgið í innri togstreitu milli þeirra stoða sem réttlæti sem sanngirni hvílir á. Ætli pólitísk heimspeki, sama hvaða nafni hún nefnist, sér eitthvað meira en að dvelja í fimm stjörnu fílabeinsturnum og skrafa þar við ský verður hún að minnsta kosti *að reyna* að nota sömu grundvallarforsendur – tala sama tungumál – og venjulegt fólk en ekki bara smíða sínar eigin úr hreinni skynsemi. Um þetta segir David Miller:

Þetta gæti [...] haft áhrif á möguleika frjálslyndrar stjórn málaheimspeki til þess að hafa einhver áhrif í praxís. Því ef hugtakið verðskuldun er jafn kirfilega greytt í skilning fjöldans á réttlætinu og ég held að það sé, þá gæti verið vandkvæðum bundið að vinna fólk til fylgis við stefnumál, hverra réttlætning hvílir á forsendum um að verðskuldun sé því óviðkomandi.<sup>73</sup>

## VIII. Niðurstöður

Fólk á að fá það sem það á skilið. Í rúm tvö þúsund ár – frá árdögum heimspekinnar – var þetta kennisetning réttlætisins; sú skilgreining sem fornaldarheimspekingar og kollegar þeirra fram á tuttugustu öldina miðja gengu út frá sem gefinni og tíminn hefur tryggt bólfestu í innsæi og málvitund þorra manna.

Í inngangi ritgerðarinnar var spurt hvort unnt væri að skilja réttlætið án skírskotunar til verðskuldunar. Svar Rawls við þeirri spurningu er jafn afdráttarlaust og það er einfalt: Já. Í *A Theory of Justice* snýr hann hinni klassísku kennisetningu á hvolf og telur slík endaskipti ekki eingöngu möguleg heldur nauðsynleg. Verðleikar eru ekki sköpunarverk þeirra sem búa yfir þeim heldur vöggugjafir – enginn er *causa sui* – og dreifing þeirra hendingu háð. Sá grunnur sem verðskuldun sækir stoð sína í er því alltaf undirorpinn handahófi og fráleitt nægilega beysinn til að

---

<sup>73</sup> Miller, David, *The Principles of Social Justice*, bls. 131. Þýðing mín. Sjá einnig Scheffler, Samuel, „Responsibility, Reactive Attitudes, and Liberalism in Philosophy and Politics,“ bls. 208.

þjóna hlutverki sínu sem hornsteinn réttlætisins. Það er ekki réttlátt að dreifa gæðum sem allir þurfa á að halda til að getað áformað líf sitt með tilliti til tilviljunar, sama hvað sagan segir.

Rök Rawls hrundu af stað byltingu í umræðu um dreifiréttlæti – Kópernikusarbyltingu Rawls – réttlætið snerist ekki lengur um verðskuldun; verðskuldun snerist um réttlætið og sótti skilgreiningu sína þangað. Verðskuldun, ef verðskuldun skyldi kalla, varð að réttmætu tilkalli. Eftir útkomu *A Theory of Justice* þurftu stjórnspekingar, eins og Nozick orðar það, „annaðhvort að vinna verk sitt innan þeirra marka sem Rawls setur þeim, eða þá afsaka frávik sín.“

Í sjöunda kafla var rætt um þá þrjá stjórnspekinga sem hafa afsakað frávik sín af mestri rökfestu og reynt að bregðast við andmælum þeirra. Niðurstaðan var sú að enginn þeirra – ekki Sher, ekki Sandel, ekki Nozick – nær að hrikta þessa meginstoð réttlætis sem sanngirni til hruns. Ef við tileinkum okkur sjónarhorn upphafsstöðunnar er erfitt að standast aðdráttarafi andverðskuldunarkenningarinnar, og sé hún samþykkt virðist mismunarlögmálið fljóta röklega af forsendum hennar. Í stað þess að beygja okkur í duftið gagnvart staðreyndum náttúrunnar og festa frumskógarlögmál verðleikasamfélagsins í grundvallarlög, ættum við að spyrna við fótum og semja samfélagssáttmála sem felur í sér „sanngjarna skipan á samvinnu milli frjálsra jafningja“.<sup>74</sup> Við samningu slíks sáttmála er mikilvægt að tryggja öllum jafna samningsstöðu – draga fávísisfeld yfir löggjafann – svo að enginn geti skarað eld að eigin köku. Þótt við myndum einungis vilja tryggja eigin hag á slíku stjórnlagabingi, myndum við sjálfkrafa tryggja allra hag því við slíkar aðstæður erum við öll mögulega hinir verst settu.

Svarið við síðari hluta rannsóknarspurningar ritgerðarinnar (getur andverðskuldunarkenningin myndað traustan grunn undir réttlæti sem sanngirni?) virðist þannig við fyrstu sýn einnig vera jákvætt.

En það er enn eitt ljón á veginum. Ein gagnrýni sem við höfum ekki brugðist við, en hún er að líkindum beittust allra. Það ljón er John Rawls sjálfur. Í réttlæti sem sanngirni er fólgin innri togstreita á milli harðlínuafstöðu Rawls gagnvart verðskuldun og tveggja annarra grunnstoða kenningarinnar. Í *fyrsta lagi* virðist andverðskuldunarkenningin fljótt á litið ekki ríma vel við hina kantísku kröfu um virðingu fyrir sjálfráða einstaklingum, kröfuna um að binda fólk ekki saman í vönd heldur koma fram við hvern og einn sem einstaka rós þrungna eigingildi. Í stuttu máli: Tekur andverðskuldunarkenningin greinarmuninn á persónum alvarlega? Hér gæti mögulegt andsvar verið að hin kantíska krafa um virðingu fyrir persónum er tvíþætt. Hún felst ekki bara í neikvæðri taumhaldsskyldu: Að nota annað fólk ekki sem tæki með stjórnsemi og valdbeitingu. Í henni er einnig fólgin ákveðin athafnaskylda: *Krafan um að virða annað fólk sem markmið í sjálfu sér felst*

<sup>74</sup> Rawls, John, *A Theory of Justice*, bls. 7. Þýðing Vilhjálms Árnasonar í *Farsælt líf, réttlátt samfélag*, bls. 274.

líka í því að hjálpa því að ná markmiðum sínum.<sup>75</sup> Samkvæmt þessari túlkun er hugmynd Rawls um dreifingu hæfileika sem sameign, sem leiði til þess að skynsamlegt fólk hljóti að samþykkja að deila kjörum eftir réttlætisins reglum, ekki bara í samræmi við virðingarkröfu Kants, heldur tekur hana alvarlegar en til dæmis Robert Nozick. Nozick gengst við hinni neikvæðu kröfu Kants, en virðir hina jákvæðu að vettugi. Nozick vill láta fólk í friði; leyfa því að lifa eitt og deyja eitt. En Kant gæti tekið undir þá bræðralagshugsjón John Rawls sem Þorsteinn frá Hamri fjötrar svona í orð: „Enginn er einn þó hann virðist stakur.“<sup>76</sup>

Eins og við ræddum í lok síðasta kafla virðist, í öðru lagi, vera ákveðið ósamræmi milli andverðskuldunarkenningarinnar og hins ígrundaða jafnvægis. Í fyrsta hluta *A Theory of Justice* segir Rawls: „Allar hugmyndir um réttlæti verða að hvíla að einhverju leyti á innsæi.“<sup>77</sup> Það hvernig best er að haga upphafsstöðunni, til dæmis, er byggt á innsæi okkar um hvernig heppilegast er að draga hlutlægar ályktanir um rétt og rangt.<sup>78</sup> Gangi niðurstaða fundarmanna upphafsstöðunnar freklega í berhöggi við rökstudda dóma okkar um ákveðna þætti réttlætisins gætum við þurft að endurskoða hana með tilliti til þess. Hið ígrundaða jafnvægi felur í sér að réttlætislögmálin eru stöðugt í gagnrýninni endurskoðun og verða að taka mið af yfirveguðum siðferðishugmyndum borgara þess samfélags sem þau eiga að ná yfir. Eins og ítrekað hefur komið fram í þessari ritgerð eru fáar innsæishugmyndir jafn fastmótaðar og verðskuldunarkenningin um réttlæti. Samt gefur Rawls engan afslátt af andverðskuldunarkenningunni. Hún skal standa. Þetta misræmi er erfitt að skýra. Kannski er andverðskuldunarkenningin einfaldlega ómissandi hluti af réttlæti sem sanngirni og Rawls telur réttlætanlegt að taka slíka grundvallarforsendu út fyrir sviga. En til hins ber einnig að líta að hið ígrundaða jafnvægi er ekki einstefnugata; það gengur ekki bara í eina átt heldur báðar. Við verðum líka að vera tilbúin að endurskoða innsæi okkar. Minnumst þess að *raison d'être* upphafsstöðunnar er að hjálpa okkur að koma auga á þá þætti innsæis okkar sem standast ekki hlutlæga, röklega skoðun. Hún hjálpar okkur að greina rökstudda dóma innsæisins frá kreddum vanans. Sú djúpa sannfæring sem margir hafa fyrir því að verðskuldun eigi að skilgreina réttlætið byggir ekki á djúpum rökum, að mati Rawls, eins og skýrt hefur komið fram í þessari ritgerð. Hlutverk hins ígrundaða jafnvægis er ekki að halda í slíkar hégiljur heldur að henda þeim. Verðskuldun á því ekki heima í efnislegru skilgreiningu réttlætisins heldur á öskuhaugum þess.

<sup>75</sup> Kant, Immanuel, *Grundvöllur að frumspeki siðlegrar breytni*, bls. 155. Sjá einnig Vilhjálmur Árnason, *Farsælt líf, réttlátt samfélag*, bls. 100.

<sup>76</sup> Þorsteinn frá Hamri, *Þorsteinn frá Hamri: Ritsafn*, bls. 292.

<sup>77</sup> Rawls, John, *A Theory of Justice: Revised Edition*, bls. 36

<sup>78</sup> Rawls, John, *A Theory of Justice: Revised Edition*, bls. 18.

# Heimildir

Aikin, Scott F. *Epistemology and the Regress Problem*. Oxford: Routledge, 2013.

Aristóteles. *Siðfræði Níkomakkosar*. Þýðandi Svavar Hrafn Svavarsson. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 350 f. Kr./1995.

Arneson, Richard J. „Primary Goods Reconsidered.“ *Nous* 24, nr. 3(1990): 429-454.

Bentham, Jeremy. *An Introduction to the Principles of Morals and Legislation*. New York: Dover Publications, 1789/2007.

Cummiskey, David. „Desert and Entitlement: A Rawlsian Consequentialist Account.“ *Analysis* 47, nr. 1 (1987): 15–19.

Dennett, Daniel Clement. *Elbow Room: The Varieties of Free Will Worth Wanting*. Cambridge: MIT Press, 1984/2015.

Feinberg, Joel. „Justice and Personal Desert.“ *Doing and Deserving: Essays in the Theory of Responsibility*. Princeton: Princeton University Press, 1974, 55–76.

Feldman, Fred. „Desert: Reconsideration of Some Received Wisdom.“ *What Do We Deserve: A Reader on Justice and Desert*. Ritstjórar Lois P. Pojman og Owen McLeod. Oxford: Oxford University Press, 1999, bls. 140–149.

Freeman, Samuel. „Introduction: John Rawls—An Overview.“ *The Cambridge Companion to Rawls*. Ritstjóri Samuel Freeman. Cambridge: Cambridge University Press, 2002, bls. 1–62.

Jónatan Þórmundsson. *Afbrot og refsíabyrgð II*. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2003.

Kant, Immanuel. *Grundvöllur að frumspeki siðlegrar breytni*. Þýðandi Guðmundur Heiðar Frímannsson. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1785/2003.

Kant, Immanuel. *Critique of Practical Reason*. Ensk þýðing L.W. Bernard. New York: Hafner Library of Classics, 1788/1951.

Kleinig, John. *Punishment and desert*. New York: Springer Science & Business Media, 1973/2012.

Locke, John. *Ritgerð um Ríkisvald*. Þýðandi Atli Harðarson. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1689/1993.

Marshall, Gordon; Swift, Adam; Routh, David; Burgoyne, Carole. „What is and What Ought to be: Popular Beliefs about Distributive Justice in Thirteen Countries.“ *European Sociological Review* 15, nr. 4 (1999): 349-367.

Nietzsche, Friedrich. *Handan góðs og ills*. Þýðendur Arthúr Björgvin Bollason og Þröstur Ásmundsson. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1886/2005.

Nozick, Robert. *Anarchy, State, and Utopia*. New York: Basic Books, 1976/2013.

- McLeod, Owen. „Desert and Institutions.“ *What Do We Deserve: A Reader on Justice and Desert*. Ritstjórar Lois P. Pojman og Owen McLeod. Oxford: Oxford University Press, 1999, bls. 186–195.
- Miller, David. *Principles of Social Justice*. Cambridge: Harvard University Press, 1999.
- Platon. *Ríkið*. Þýðandi Eyjólfur Kjalar Emilsson. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 380 f. Kr./2009.
- Pojman, Louis P. „Historical Interpretations of Desert.“ *What Do We Deserve: A Reader on Justice and Desert*. Ritstjórar Lois P. Pojman og Owen McLeod. Oxford: Oxford University Press, 1999, bls. 1–9.
- Rawls, John. *Justice as Fairness: A Restatement*. Cambridge: Harvard University Press, 2001.
- Rawls, John. *Political Liberalism*. New York: Columbia University Press, 1993/2005.
- Rawls, John. *A Theory of Justice*. Cambridge: Harvard University Press, 1971/2009.
- Rawls, John. *A Theory of Justice: Revised Edition*. Cambridge: Harvard University Press, 1999.
- Sadurski, Wojciech. *Giving Desert Its Due: Social Justice and Legal Theory*. Dordrecht: D. Reidel Publishing Company, 1985.
- Sandel, Michael J. *Liberalism and the Limits of Justice*. Cambridge: Cambridge University Press, 1998.
- Sandel, Michael J. „The Procedural Republic and the Unencumbered Self.“ *Political Theory* 12, nr. 1 (1984): 81-96.
- Scheffler, Samuel. „Justice and Desert in Liberal Theory.“ *California Law Review* 88, nr. 3 (2000): 965-990.
- Scheffler, Samuel. „Responsibility, Reactive Attitudes, and Liberalism in Philosophy and Politics.“ *What Do We Deserve: A Reader on Justice and Desert*. Ritstjórar Lois P. Pojman og Owen McLeod. Oxford: Oxford University Press, 1999, bls. 196 –209.
- Sher, George. *Desert*. Princeton: Princeton University Press, 1989.
- Van Parijs, Philippe. „Difference Principles.” *The Cambridge Companion to Rawls*. Ritstjóri Samuel Freeman. Cambridge: Cambridge University Press, 2002, bls. 200–241.
- Vilhjálmur Árnason. *Farsælt líf, réttlátt samfélag*. Reykjavík: Heimskringla, 2008.
- Zaitchik, Alan. „On Deserving to Deserve.“ *Philosophy & Public Affairs* 6, nr. 4 (1977): 370–388.
- Þorsteinn frá Hamri. *Þorsteinn frá Hamri: Ritsafn*. Reykjavík: Mál og menning, 1998/2004.
- Þorsteinn Gylfason. *Réttlæti og ranglæti*. Reykjavík: Heimskringla, 1998.